

Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
14. des. 2011 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. desember 2011  
Tilvísun: UST20111000177/mik

### Efni: Deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Hóls- og Skarðsdal, Siglufirði.

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags 24. október síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Hóls- og Skarðsdal, Siglufirði.

#### Almennt um framkvæmd

Um er að ræða deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir alhliða útivistarsvæði í Hóls- og Skarðsdal.

Markmið skipulagsins er að; byggja upp fjölbreytt og öruggt skíðasvæði, stuðla að áframhaldandi uppbyggingu útivistarskógar og að taka frá landsvæði til aukinnar útplöntunnar, að skapa eftirsóknaverðan golfvöll, byggja upp fjölnota knattspyrnusvæði, byggja upp tjaldsvæði í tengslum við íþróttamiðstöðina að Hóli og stuðla að bættu aðgengi til útivistar jafnt sumar sem vetur með upplýstum gönguleiðum. Fram kemur í greinargerð að fjöldi fornleifa eru innan deiliskipulagssvæðisins og verður tekið tillit til þeirra við framkvæmdir.

Deiliskipulagssvæðið er u.þ.b. 773 ha að stærð og er hluti svæðisins á náttúruminjaskrá og fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlna, nr. 105/2006.

#### Gróðurfar og náttúruminjar

Í greinargerð kemur fram að í Fjallabyggð er fjölbreytt gróðurfar sem einkennist af snjóþunga á veturna auk votlendis og mýragróðurs. Sjaldgæfar plöntur á landsvísu eru útbreiddar á svæðinu, þar á meðal eru burknar eins og skollakambur, þúsundblaðarós og skjaldburkni, auk jafna eins og lyngjafna og litunarjafna, og blómjurta eins og bláklukkulyngs, skollaberja, skrautpunds og hjartafífls. Einnig er mikið af brönugrösom, hárdeplu og fjandafælu. Aðalheimkynni hjartafífls og bláklukkulyngs á Íslandi eru á skögunum beggja vegna Eyjafjarðar.

Hluti deiliskipulags er innan svæðis nr. 423 á náttúruminjaskrá og um svæðið segir „*Fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, (501), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnaðalsheiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s.*

*(2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða“.*

### **Mannvirkjagerð á svæði á náttúruminjaskrá**

Á svæðinu í Skarðsdal sem er svæði á náttúruminjaskrá er gert ráð fyrir lagningu 1.400 m langs vegs frá núverandi skíðaskála að fyrirhuguðu skálasvæði um 600 m ofar í hliðinni. Við skíðaskálann er gert ráð fyrir sleppisvæði og bílastæði fyrir 104 farartæki. Áætlaður vegur mun liggja um þegar raskað svæði. Vegurinn fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í lið 10. c. segir „Allir nýjir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá“. Umhverfisstofnun bendir því á að framkvæmdin er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Áætlað er að byggja tvo skíðaskála á svæðinu, annars vegar þjónustuhús með afgreiðslu og veitingasölu að hámarki 450 m<sup>2</sup> að stærð á þremur hæðum og verður húsið fellt að landhalla.

Hinsvegar er áætlað að byggja skála að hámarki 200 m<sup>2</sup> á tveimur hæðum, sem verður staðsettur ofar í hliðinni með aðstöðu fyrir skíðafélag með snyrti- og nestisaðstöðu.

Skíðalyftur verða fjórar, neðsta- lyfta sem er nú til staðar verður fjarlægð og neðsti hluti T-lyftu sem verður eftir breytingu 920 m að lengd. Tengilyftu verður komið upp á milli T-lyftu og Bungulyftu alls 310 m að lengd. Barnalyfta verður í flatanum við hlið neðri skíðaskálans alls 45 m löng. Til að draga úr hættu af snjóflóðum inn á troðnar skíðabrautir er gert ráð fyrir að mótaður verði garður sem mun beina flóðum til hliðar. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að gera grein fyrir stærð fyrirhugaðs snjóflóðavarnargarðs í greinagerð þar sem ljóst er að framkvæmdin muni hafa áhrif á óraskað svæði.

Samkvæmt greinagerð í deiliskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu stíga af 6 gerðum. Reiðstígar verða uppbyggðir 4 m breiðir með finu malarlagi/leirsalla og uppbyggðir göngustígar verða 3 m breiðir með finu malarlagi/leirsalla. Á skipulagsuppráttum er ekki gerð grein fyrir öllum gerðum stíga. Stígarnir eru mismunandi að gerð og koma til með að valda mismikilli röskun bæði sjónrænt og á vitskerfum. Þeir falla því undir lög um náttúruvernd nr. 44/1999, 35. gr. sem fjallar um hönnun mannvirkja og 38. gr. sem fjallar um hættu á röskun náttúruminja. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stígunum verði gefin betri skil á skipulagsupprætti.

Ljóst er að við byggingu þjónustumiðstöðva, lagningu vega, göngustíga og skíðabrauta og fleiri framkvæmda verður jarðrask og mun gróður fara forgörðum. Á skipulagsupprætti kemur fram að skíðasvæði er innan svæðis á náttúruminjaskrá og bendir Umhverfisstofnun á að framkvæmdin kunnir því að falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og því tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum en í lið 12. a er fjallað um skíðasvæði, skíðalyftur og kálfa á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum og í lið 12. c. um þjónustumiðstöðvar.

### **Mannvirkjagerð utan svæðis á náttúruminjaskrá**

Fram kemur í greinagerð að gert er ráð fyrir 9 hola golfvelli vestan Fjarðará. Leifar gamallar námu er meðfram árbakka Fjarðará sem ganga þarf frá. Tillaga að golfbrautum er unnin með frágangi námunnar í huga og er heildarlengd vallarins um 4.600 m. Golfskáli og vélageymsla að hámarki 800 m<sup>2</sup> er fyrirhuguð við golfvöllinn auk bílastæðis fyrir 56 bíla.

Áætlað er svæði fyrir knattspyrnu um 12 ha að stærð sunnan við Hól. Bílastæði eru skipulögð fyrir 90 bíla á knattspyrnusvæðinu.

Nýtt tjaldstæði 7,8 ha að stærð er fyrirhugað í tengslum við útivistarsvæðið og íþróttamiðstöðina á Hóli. Þá er gert ráð fyrir snyrtingum víðar á svæðinu. Tjaldsvæðið verður hólfað niður með skjólbeltum og minni rjóður verða mótuð í hólunum í Finnhólum.

Fjórir byggingareitir fyrir frístundahús verða við skógræktina og mega vera að hámarki 150 m<sup>2</sup> hvert á einni hæð. Gert er ráð fyrir að húsin verði lágrest og falli vel að landinu.

Á þjónustureit er gert ráð fyrir eldsneytisafgreiðslu og smáverslun á einni hæð að hámarki 300 m<sup>2</sup>. Starfsemi bensínstöðva falla undir reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Í 6. kafla 69. gr. sem fjallar um olíuskilju segir m.a. að á hverri bensínstöð skal vera olíuskilja og skal leiða afrennsli frá afgreiðslusvæði og áfyllingarsvæði í hana.

Áætlaður er 2.400 m langur vegur inn Hólsdal sem mun liggja frá stofnvegi 76 og um framtíðar göng yfir í fljót. Veglínan mun fara um óraskað svæði og mun því hafa neikvæð áhrif á vistgerðir og búsvæði sem er að finna á því svæði.

### **Skógrækt**

Samkvæmt deiliskipulagi stendur til að halda áfram uppbyggingu útivistarskógar og taka frá landsvæði til aukinnar útplöntunnar. Tekið er fram í greinargerð að gætt verður að spilla ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminjum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verður plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætt á þurrkun tjarna og annara votlendissvæða og að a.m.k. 30 – 50 m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt.

Umhverfisstofnun tekur undir skipulag framkvæmdaraðila við útplöntun og bendir einnig á að koma skuli í veg fyrir að áhrifa framandi tegunda plantna gæti á svæði á náttúruminjaskrá með tilliti til útbreiðslu og sjálfsáningu í framtíðinni.

### **Rotþrær**

Gert er ráð fyrir nýjum rotþróum við skíðaskála og þjónustuhús skíðasvæðis. Við þjónustureit og tjaldsvæði er einnig gert ráð fyrir sitt hvorri þrónni.

Umhverfisstofnun bendir á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar ([www.ust.is](http://www.ust.is)). Frárennsli frá ofnakerfum, heitum pottum, baðkörum og sturtuklefum þarf ekki að leiða í rotþró, þar sem slíkt vatn er lítið mengað, en getur skert virkni rotþróarinnar til muna. Affallsvatn af þessum toga má hins vegar leiða í skiptibrunn eða jöfnunarþró til jafnrar dreifingar í sér dreifilögn sem lögð er yfir jarðveg eða malarbeð.

### **Niðurstaða**

Það er mat Umhverfisstofnunar að óhjákvæmilega verði staðbundin neikvæð áhrif á náttúrulegan gróður á skipulagssvæðinu. Stofnunin telur mikilvægt að reynt verði að lágmarka röskun á náttúrulegum gróðri við uppbyggingu svæðisins.

Þar sem gróður raskast við uppbyggingu mannvirkja og við niðursetningu lagna og rotþróa í jörðu, vill stofnunin benda á að hægt er að varðveita gróðurþekju og leggja aftur yfir röskuðu svæðin sem eftir standa. Einnig mælst stofnunin til að framandi gróður verði ekki notaður við uppgræðslu á röskuðum svæðum heldur notaður verði staðbundinn gróður eða grasfræ af sömu tegundum og vaxa á svæðinu


Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um varnargarð ofan skíðasvæðis sé ófullnægjandi, ekki kemur skýrt fram í greinagerð um stærð mannvirkisins. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að gera grein fyrir umfangi varnargarðsins og leggur áherslu á að varnargarður verði mótaður að landslagi og græddur upp með viðeigandi hætti svo rask verði sem minnst.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd þá njóta mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri sérstakrar verndar og ber að forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að svæðið á náttúruminjaskrá tapi ekki verndargildi sínu og að næsta nágrenni þess spillist ekki með aukinni mannvirkjagerð og aukinni umferð um svæðið

Að öðru leiti en því er að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi svæðis Hóls- og Skarðsdals, Siglufirði.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri



Hákon Ásgeirsson  
Sérfræðingur